

## Samþykktir fyrir

### Samtök atvinnurekenda á Norðausturlandi

#### 1. gr.

##### Hlutverk og markmið samtakanna

- Að gæta hagsmuna atvinnurekenda á Norðausturlandi, þ.e. á starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, frá Þingeyjarsveit í vestri til Langanesbyggðar í austri.
- Að vera vettvangur fyrir umræður og tengslanet forsvarsmanna fyrirtækja á svæðinu.
- Að standa að verkefnum sem miða að eflingu, nýsköpun, innbyrðis viðskiptum og samvinnu fyrirtækja á Norðausturlandi.
- Að vera málsvari hagsmunaaðila varðandi uppbyggingu og þróun innviða og þjónustu, s.s. samgöngu- og fjarskiptamála, skipulagsmála, umhverfismála og annarra málaflokka sem snúa að sveitarfélögum, ríkisvaldinu og öðrum opinberum aðilum.
- Að beita sér fyrir umræðum, fræðslu og aðgerðum um atvinnumál á Norðausturlandi.
- Að beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun sem tengist atvinnulífi á svæðinu.

#### 2. gr.

##### Aðild að samtökunum

- Aðild að samtökunum hafa þau fyrirtæki og rekstraraðilar á starfssvæðinu sem þess óska, eru með virka starfsemi og greiða árlegt félagsgjald sem ákveðið er á aðalfundi.
- Styrktarfélagar geta þeir orðið sem lýsa yfir stuðningi við markmið samtakanna og vilja vinna að þeim. Styrktarfélagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum. Aðeins fullgildir félagar hafa atkvæðisrétt í samtökunum.

#### 3. gr.

##### Fjármögnun og rekstur

- Aðilar og styrktarfélagar að samtökunum greiða félagsgjöld sem ákveðin eru á aðalfundi ár hvert.
- Rekstri samtakanna skal hagað í samræmi við hlutverk og markmið og ákvarðanir aðalfundar og annarra félagsfunda.
- Starfs- og rekstrarár samtakanna er almanaksárið.

#### 4. gr.

##### Aðalfundur samtakanna

- Aðalfundur samtakanna skal halda fyrir lok mars ár hvert.
- Aðalfundur skal boðaður með tölvupósti til félagsmanna með minnst viku fyrirvara og telst hann löglegur sé löglega til hans boðað.
- Aðalfundur fer með æðsta vald í öllum málum samtakanna.
- Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:
  1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
  2. Ársreikningar fyrir liðið starfsár.
  3. Breytingar á samþykktum samtakanna
  4. Kosning stjórnarmanna
  5. Kosning tveggja skoðunarmanna
  6. Önnur mál

**5. gr.**

**Stjórn samtakanna**

- Stjórn skal skipuð þremur aðalmönnum, formann, ritara og gjaldkera og tveimur til vara.
- Stjórnin skipti sjálf með sér verkum og stýrir málefnum samtakanna milli aðalfunda.
- Leitast skal við að skipan stjórnar endurspegli sem best samsetningu og dreifingu atvinnulífs á svæðinu.
- Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef þrjú stjórnarmenn sækja fund hið fæsta.
- Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
- Stjórn skal boða til funda svo oft sem þurfa þykir.
- Stjórn getur skipað undirhópa sem starfa tímabundið að ákveðnum verkefnum.

**6. gr.**

**Önnur ákvæði**

- Samþykktum samtakanna verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur til breytinga á samþykktum skulu hafa borist stjórn samtakanna eigi síðar en viku fyrir aðalfund, vilji flutningsmenn fá þær teknar fyrir á aðalfundi. Samþykki tveggja þriðju hluta fundarmanna þarf til þess að tillaga til breytinga á samþykktum öðlist gildi.
- Með tillögu um slit á samtökunum skal fara eins og um tillögur að breytingum á samþykktum þessum. Skal sami fundur og samþykkir slit á samtökunum einnig ákveða ráðstöfun eigna þeirra og greiðslu skulda.

Þannig samþykkt á aðalfundi Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi 20. mars 2013.